

Eyðublað vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2021/2022	
Sveitarfélag:	Vesturbyggð
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag:	Patreksfjörður Bíldudalur Brjánslækur
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	19. janúar 2022
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Engin breyting.
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Á ekki við.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p>a) <i>Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.</i></p> <p>b) <i>Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.</i></p>
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Horft er til verðmætaaukningar og atvinnusköpunar vegna byggðakvóta innan sveitarfélagsins í heild sinni en Vesturbyggð er fjölkjarna sveitarfélag. Framangreind tillaga að sérreglum er sambærileg þeim sérreglum sem ráðuneytið staðfesti á fiskveiðiarinu 2020/2021.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	c) <i>Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.</i>
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Horft er til verðmætaaukningar og atvinnusköpunar vegna byggðakvóta innan sveitarfélagsins í heild sinni en Vesturbyggð er fjölkjarna sveitarfélag. Framangreind tillaga að sérreglum er sambærileg þeim sérreglum sem ráðuneytið staðfesti á fiskveiðiarinu 2020/2021. Eina starfandi fiskvinnslan á sunnanverðum Vestfjörðum er staðsett á Patreksfirði. Það er því mikilvægt að skylt verði að landa afla til vinnslu innan sveitarfélagsins, þar sem ekki er til að dreifa öðrum fiskvinnslum í þeim byggðalögum sem úthlutað er byggðakvóta. Sérreglurnar

	útiloka þó ekki að ef sett verði á fót fiskvinnsla í öðrum byggðalögum innan sveitarfélagsins sé landað til vinnslu í viðkomandi byggðalagi.
--	--